

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 5. desember 2024 eftirfarandi:

Kinnargata 39-41, óveruleg deiliskipulagsbreyting Urriðaholts austur.

Tillagan gerir ráð fyrir því að heimilað verði smáhýsi, allt að 15 m² á hvorri lóð.

Óveruleg deiliskipulagsbreyting Kjóavalla.

Tillagan gerir ráð fyrir því að reiðstígur sunnan Andvarareiðskemmu færist suður fyrir tamningagerði sem skipulagið gerir ráð fyrir.

Óveruleg deiliskipulagsbreyting fyrir Heiðmörk og Sandahlíð.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á legu reiðstígs í Vífilsstaðahlíð frá Grunnuvatnaskarði að reiðstíg milli hrauns og hliðar.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 6. desember 2024 eftirfarandi:

Óveruleg deiliskipulagsbreyting Hliðs, Álfanesi.

Tillagan gerir ráð fyrir því að stækka byggingarreit til vesturs að lóðarmörkum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 10. janúar 2025.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2025